

## Skýrsla keppnisráðs AKÍS í rally 2019

Sett saman samkv. „Reglugerð um keppnisráð AKÍS“, gr. 3.f.

Keppnisráðið í rally var þannig skipað árið 2019:

Ísak Guðjónsson BÍKR formaður,  
Garðar Gunnarsson AIFS,  
Þórður Ingvason BS,  
Aðalsteinn Símonarson BÍKR.

Fyrir ári síðan var ráðið í ákveðinni tilvistarkreppu sökum samskiptaörðugleika. Upp úr áramótum tókst að ráða bót á þeim og hélt ráðið 6 bókaða fundi á árinu auk fjölda óformlegra funda. Var m.a. haldinn kynningar- og samráðsfundur með keppnishöldurum og skoðunarmönnum, auk þess sem opnir fundir með keppendum voru haldnir bæði fyrir og eftir keppnistímabilið. Einnig var farið í lítilsháttar lagfæringar á reglum fyrir tímabilið, með það að markmiði að auka öryggi og bæta ásýnd íþróttarinnar út á við.

Keppnisárið 2019 í rally gekk í heildina vel. Íslandsmótið samanstóð af einungis fjórum keppnum, hefur verið fimm keppnir alveg síðan 2012, en fram að þeim tíma sex keppnir. Er þessi fækkun áhyggjuefni en væntanlega fjölgar keppnum í Íslandsmótinu árið 2020 í fimm á ný. Auk þess var haldið hér á landi alþjóðlegt rafbílarally á haustdögum sem keppnisráðið hafði enga aðkomu að.

Engin kærumál komu upp í keppnum ársins en í nokkrum tilfellum kom til óformlegra kasta dómnefnda varðandi túlkun á reglum eða framkvæmd keppni.

Fjöldi keppenda í rally var talsvert minni í ár heldur en í fyrra, eða 16 að meðaltali í hverri keppni, samanborið við 19 árið 2018. Er þessi fækkun áhyggjuefni og tilefni til að skoða hvað veldur. Bent hefur verið á ýmsar mögulegar skýringar, s.s. að erfitt sé fyrir nýliða að ná árangri í samkeppni við reyndari þátttakendur, keppnisgjöld séu of há og kostnaður of mikill við útgerð keppnistækja. Ein af þeim leiðum sem verið er að skoða er að koma á sérstökum nýliðaflokk.

Fyrirliggjandi er að útbúa gátlista fyrir keppnishaldara með sérstökum áhersluatriðum, en einnig þarf að yfirfara reglur AKÍS, „Skilyrði fyrir rallykeppnum“, en þær eru komnar nokkuð til ára sinna. Þá er útrunnin samningur sem gerður var við AB varahluti um styrk við ákveðinn flokk og er vonast til að sá samningur fái endurnýjaður eða að annar enn betri gerður. Einnig þarf að gæta sérstaklega að öryggismálum og yfirfara flokkareglur.

Meðfylgjandi eru 6 tillögur sem ráðið óskar eftir að leggja fyrir formannafund AKÍS 9. nóvember 2019.

Með þökk fyrir skemmtilegt mótorsportár.

F.h. keppnisráðs AKÍS í rally,

Borgarnesi 2.nóvember 2019

Aðalsteinn Símonarson

## Tillögur Keppnisráðs AKÍS í rally, lagðar fyrir formannafund AKÍS 9. nóvember 2019.

1. Farið verði í að yfirfara og endurskoða reglugerðina „Skilyrði fyrir rallykeppni“ <http://www.akis.is/log-og-reglur/rally/skilyrði-fyrir-rallykeppnum/>. Nauðsynlegt er að færa þarna ýmislegt til nútímans, s.s. tilvísanir í Akstursíþróttanefndar ÍSÍ/LÍA, endurmeta kröfur til kunnáttu eftirfara í viðbrögðum á slyssað og fleira.  
Ráðið óskar eftir tíma til 1. mars 2020 til að skila tillögum að nýrri reglugerð.
2. Keppnisráð AKÍS í rally leggur til að í reglum verði sett skýr skilgreining á hvort og þá að hvaða skilyrðum keppnir þurfa að uppfyllta til að fá aukið vægi í stigagjöf til Íslandsmeistara. Lagt er til að aukið vægi miðist eingöngu við fjölda sérleiðakílómetra og að fram þurfi að koma í keppnisdagatali í upphafi árs hvort og þá hve mikið aukið vægi einstakra keppni er.

Lágmark km á sérleið	Vægi stiga
80	1
160	1,25
240	1,5

3. Til stendur að setja á fót byrjendaflokk sem keppt verði í til Íslandsmeistara í fyrsta skipti á næsta ári. Verið er að skoða tvær útfærslur og óskar ráðið eftir heimild til að leggja fyrir reglur um hinn nýja flokk ekki seinna en 1. febrúar 2020.
4. Til stendur að gera nokkrar minniháttar breytingar á „Rallyreglum“, <http://www.akis.is/wp-content/uploads/2019/05/Rall%C3%BDreglur-2019-%C3%BAtg.pdf>, skýra ýmis atriði og færa reglurnar betur til samræmis við það sem þekkist erlendis, s.s. um ofurleið, Park Fermé o.fl. Óskað er eftir fresti til 1. febrúar 2020 til að skila inn tillögu að nýjum reglum.
5. Keppnisráð í rally leggur til að gr. 2 í „Reglum um keppnisráð AKÍS“, <http://www.akis.is/wp-content/uploads/2019/06/Regluger%C3%B0-um-keppnisr%C3%A1%C3%B0-AK%C3%8DS-2019-2.pdf>, verði gerð skýrari, þ.e. að ljóst sé hverjr eigi rétt til að hafa fulltrúa í ráðunum, hvort og þá hver sé lágmarks fulltrúafjöldi í þeim og að fulltrúar séu tilnefndir formlega.
6. Keppnisráð í rally leggur til að settar verði skýrari reglur um sérvalin keppnisnúmer/rásnúmer, sem og gjaldtöku fyrir slík númer.